

# Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna



Stjórnarráð Íslands  
Félagsmálaráðuneytið



Félags- og barnamálaráðherra leggur fram frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Framlagning frumvarpsins er liður í umfangsmiklum breytingum í þágu barna sem hafa verið í undirbúningi í félagsmálaráðuneytinu.



# Afurð viðtæks samráðs

Vinna við breytingar í þágu barna hófst á vormánuðum 2018 þegar Ásmundur Einar Daðason, þá félags- og jafnréttismálaráðherra, boðaði til **ráðstefnu** um snemmtæka íhlutun í málefnum barna.


Í framhaldi af þessari ráðstefnu skrifuðu fimm ráðherrar og Samband íslenskra sveitarfélaga undir **viljayfirlýsingu** í þeim tilgangi að brjóta niður múra milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Í kjölfarið var skipaður **stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna** og **þingmannanefnd um málefni barna** sem í var boðið fulltrúum allra þingflokka.

Í febrúar 2019 sendi félags- og barnamálaráðherra bréf til ríflega 600 viðtakanda, um land allt, þar sem vakin var athygli á yfirstandandi vinnu og viðtakendur hvattir til að senda inn ábendingar og bjóða fram þekkingu sína með þátttöku í **hliðarhópum** á opnum fundum. Eftir að niðurstaða hliðarhópanna lá fyrir

boðaði félags- og barnamálaráðherra, í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga, til opinnar **ráðstefnu** í október 2019 undir yfirskriftinni Breytingar í þágu barna. Á ráðstefnunni voru helstu niðurstöður samráðsins kynntar sem voru m.a. ákall um aukna áherslu á snemmtækan stuðning, afnám hindrana við aðgang að þjónustu og aukið samtal milli þjónustukerfa. Þar voru jafnframt kynnt áform um setningu laga um samþættingu þjónustu.

Fyrstu drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna voru kynnt hagsmunaaðilum og þátttakendum í hliðarhópunum í desember 2019. Frumvörpin voru jafnframt kynnt almenningi opinberlega í **samráðsgátt** stjórnvalda í júní 2020. Á ýmsum stigum hafa frumvörpin verið kynnt fyrir sveitarfélögum, ríkisstofnunum, samtökum fagfólks, Persónuvernd og öðrum hópum.

Samræmingaraðili og verkfærakista Eftirlitsaðili með þjónustu við börn



# Áhrif á alla helstu þjónustu við börn og fjölskyldur

Frumvarpið nær til þjónustu hvort sem hún er veitt á vettvangi ríkis og sveitarfélaga.

Frumvarpið tekur til þjónustu sem er veitt innan alls **skólakerfisins** þjónustu sem er veitt innan **heilbrigðiskerfisins** og **félagsþjónustu sem er veitt í þágu barna innan sveitarfélaga**, auk verkefna **lögreglu**.

Á þessum þjónustuveitendum hvíla ríkar skyldur samkvæmt frumvarpinu. Þeim ber til dæmis að taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt og bregðast við slíkum vísbendingum með tilteknum hætti

Aðrir sem vinna með börnum, til dæmis hjá íþróttaeða æskulýðsfélögum, bera líka skyldur og geta tekið þátt í samþættingu þjónustu.

## Stigskipting þjónustu


Í fyrsta sinn er kveðið á um samræmda mælikvarða sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna á þrjú þjónustustig. Með samræmdri stigskiptingu fæst yfirsýn yfir þjónustukerfi og mynd af því hvernig hægt er að tryggja skilvirka og samfellda þjónustu við hæfi allra barna.

**Fyrsta stigs þjónusta** er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum og einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns.

**Annað stigs þjónusta** er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns.

**Þriðja stigs þjónusta** er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin.

Skylt verður að flokka og skilgreina alla þjónustu í þágu farsældar barna með hliðsjón af þessum skilgreiningum.





# Samþætting þjónustu - tengiliðir, málstjórar og teymisvinna

Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að sérstökum tengilið í nærumhverfi barnsins. **Tengiliður** veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum, skipuleggur og fylgir eftir samþættingu og kemur áfram upplýsingum ef er þörf fyrir markvissari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi. Tengiliður er starfsmaður heilsugæslu, leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef börn þurfa markvissari og/eða sérhæfðari fjölþættan stuðning til lengri tíma er barni og fjölskyldu þess tryggður aðgangur að málstjóra hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. **Málstjóri** veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar

við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að leiða stuðningsteymi og fylgir eftir þjónustu sem er veitt í samræmi við stuðningsáætlun.

Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að börn og fjölskyldur geti snúið sér til tengiliðar eða málstjóra sem **leiði málið áfram**. Að ósk barns og/eða fjölskyldu þess er komið á **virku samstarfi** milli þeirra sem veita barni þjónustu. Í samstarfinu felst meðal annars að þessum þjónustuveitendum er heimilt að skiptast á upplýsingum um aðstæður barnsins.


Aðgangur að tengilið og málstjóra er tryggður strax **frá fæðingu** barns og þar til barn er 18 ára. Sams konar þjónusta verður eftir atvikum í boði fyrir foreldra **á meðgöngu**.

## Réttindi barna og foreldra

Öll þjónusta í þágu barna skal fara fram samkvæmt því sem barni er fyrir bestu. Þau sem veita þjónustu í þágu barna skulu bera virðingu fyrir rétti og skyldum foreldra við ákvarðanatöku um uppeldi barna sinna og sjálfstæðs réttar barna til þess að **réttmætt tillit sé tekið til skoðana** þeirra í samræmi við aldur og þroska.

Þeim sem veita þjónustu í þágu barna ber að stuðla að **markvissu samstarfi við foreldra og börn** sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti.


Til að tryggja samstarf við foreldra og börn og að ekki sé gengið nær einkalífi foreldra og barna en nauðsyn krefur er ekki heimilt að vinna persónuupplýsingar á grundvelli frumvarpsins nema fyrir liggja **beiðni þeirra um vinnslu eða samþættingu**.



# Stuðningur við þjónustu- veitendur og eftirlit

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að **félags- og barnamálaráðherra beri ábyrgð á samþættingu þjónustu** í þágu farsældar barna og hafi eftirlit með framkvæmd laganna.

Samhliða frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna leggur félags- og barnamálaráðherra fram **tvö önnur frumvörp**, annars vegar til laga um Barna- og fjölskyldustofu og hins vegar til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.



## Stefnumótun þvert á málefnasvið.

Gert er ráð fyrir að fram fari víðtæk **stefnumótun** að því er varðar samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmiðið er að leiða saman lykilaðila sem bera ábyrgð á farsæld barna og þeim falið að vinna sameiginlega að mótun þverfagleggrar stefnu og framkvæmdááætlana.

Stefnumótun fer fram í þremur stöðum. Í fyrstu stöðinni er **farsældarþing** þar sem fagfólk, notendur og stjórnvöld eiga víðtækt

samtal. Önnur stöðin er svæðisbundið samráð á ábyrgð sveitarfélaga á vettvangi **svæðisbundinna farsældarráða**. Þriðja stöðin er **samráðsvettvangur á vegum Stjórnarráðs Íslands**.

Til að stefnumótun, áætlanagerð og eftirfylgni geti farið fram er mikilvægt að fram fari markviss upplýsingasöfnun um farsæld barna.

## Mælaborð um farsæld barna

Til að stuðla að farsæld barna á Íslandi og styðja við innleiðingu löggjafarinnar hefur félagsmálaráðuneytið, í samstarfi við Kópavogsbæ, UNICEF á Íslandi og fleiri aðila unnið að þróun mælaborðs um farsæld barna. Mælaborðið hefur að geyma safn helstu tölfræðimælinga sem veita yfirsýn yfir líðan og velferð barna og ungmenna hér á landi.

Mælaborðið sýnir bæði einstakar mælingar og vísitölu og samanstendur af fimm víddum sem vísa til grunnstoða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Víddirnar eru:

1. **Menntun**
2. **Jafnræði**
3. **Heilsa & vellíðan**
4. **Öryggi & vernd**
5. **Samfélagsleg þátttaka.**

Mælaborðið tekur saman helstu farsældarvísa um stöðu og réttindi barna og mun það liggja til grundvallar við forgangsöröðun/fjármögnun verkefna og stefnumótun stjórnvalda. Unnið er að þróun mælaborðs sem mun standa öllum sveitarfélögum til boða. Samhliða er unnið að þróun mælaborðs sem tekur saman stöðu barna á landsvísi, út frá sömu mælikvörðum og til staðar eru í mælaborði sveitarfélaga.

# Hagræn og fjárhagsleg áhrif.

Við undirbúning frumvarpsins fékk félagsmálaráðuneytið ráðgjafa til að gera mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins til að áætla **heildaráhrif þess á ríki og sveitarfélög** að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma.

Greiningin leiddi í ljós að ávinningur breytinganna felst annars vegar í því að fækka áföllum sem börn verða fyrir og hins vegar í því að auka seiglu þeirra. Nokkur ár tekur fyrir ávinninginn að raungerast þar sem hann kemur smám saman fram yfir æviskeið einstaklingsins en ljóst er að afkoma hins opinbera batnar við

innleiðingu frumvarpsins þar sem sparnaður vegna fækkunar fráviks frá farsæld vegur þyngra en útgjaldaaukning vegna bættrar þjónustu.

Fyrstu árin er kostnaður við frumvarpið hærri en ávinningur og hefur sá kostnaður sem til kemur verið fjármagnaður. Til lengri tíma vegur ávinningurinn þó mun þyngra, ekki síst þegar sú kynslóð sem fær þjónustu samkvæmt frumvarpinu frá fæðingu kemst út á vinnumarkað. Heildarniðurstaða matsins er því að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar litið.

## Samanburður á raunávöxtun

